

# FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. NÓVEMBER 2011

## Kynningarblað

Heillandi Austur-Evrópa  
Ferðast um jólin  
Vilhjálmur prins trekkir að  
Toy Story ævintýragarður  
Bólusetningar  
Góð ráð



## Stóraukin ásókn í borgarferðir

Úrval Útsýn býður upp á borgarferðir í vor, meðal annars til Ljubljana í Slóveníu, Zagreb í Króatíu, Dublin á Írlandi og Brighton á Englandi. Áhugi á borgarferðum hefur aukist mjög meðal Íslendinga undanfarið. Þá þykja borgir í austurhluta Evrópu afar spennandi kostur.

Vorið er skemmtilegur árs-tími til borgarferða, þegar trén laufgast og gróðurilmurinn fyllir loftið. Úrval Útsýn býður upp á fjölda borgarferða í vor enda hefur áhugi Íslendinga á slíkum ferðum aukist mjög undanfarið að sögn Margrétar Helgadóttur, framleiðslustjóra Úrvals Útsýnar. Hún nefnir nokkrar borgir til sögunnar.

### Zagreb 18.-22. apríl

„Zagreb er höfuðborg Króatíu. Þangað hefur ekki oft verið farið beint frá Íslandi og því spennandi kostur,“ segir Margrét og nefnir að verslunarglaðir eigi mikið erindi til borgarinnar. „Þar er ekki evra og því hagstætt verðlag,“ segir hún glaðlega. 19. apríl er frídagur og því tapast aðeins einn vinnudagur fyrir þá sem fara í þessa ferð.

Zagreb er áhugaverð fyrir margra hluta sakir. Borgin er aðalmiðstöð fyrir viðskipti, háskóla, menningu og listir. Borgin skiptist í þrjá hluta. Þúsund ára gamla Gornji Grad, 19. aldar hverfið Donji Grad með aðalverslunargötunni Ilica, og þriðja hverfið er Novi Zagreb eða Nýja Zagreb með háreistum nýmóðins byggingum.

„Í Zagreb upplifir maður bæði gamla og nýja tímann, sér uppbygginguna en einnig ummerki eftir stríðið,“ lýsir Margrét og segir Króata mjög jákvæða gagnvart Íslendingum. „Enda vorum við fyrst til að viðurkenna sjálfstæði Króata á sínum tíma.“

### Ljubljana 18.-22. apríl

Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, er ein fámennasta höfuðborg Evrópu, með 300 þúsund íbúum. „Borgin býr yfir ríkulegri arfleifð og er bæði spennandi og vinaleg,“ segir Margrét og heldur áfram. „Þar eru fallegar byggingar, góður

matur og fínt að versla auk þess sem hægt er að fara í skemmtilegar skoðunarferðir út í sveit.“ Í nágrenni borgarinnar eru enda hinir undurfögru dalir Alpa-fjallanna.

Gamli bærinn er mjög áhugaverður, en hann er byggður út frá kastala sem reistur var fyrir ríflega þúsund árum. Frá kastalanum liggur hverfi með vinalegum gömlum húsum og þröngum, steinlögðum strætum sem liggja að fljótinu Ljubljanica.

### Dublin 19.-23. apríl

Dublin er Íslendingum að góðu kunn enda alltaf vinsælt að fara þangað. „Flugið er stutt og borgin er sérlega vinsæl meðal hópa,“ segir Margrét. Hún segir minna um að fólk versli mikið en það nýti þess í stað tímann til að hafa það huggulegt.

### Brighton

„Breska borgin Brighton er oft kölluð Litla London,“ segir Margrét, en Úrval Útsýn skipuleggur ferðir þangað dagana 22.-25. mars, 12.-15. apríl, 28. apríl-1. maí og 25.-28. maí.


„Borgin þykir bjóða upp á allt það sama og London nema á lægra verði,“ upplýsir Margrét og telur einnig stóran kost að aðeins tekur 35 mínútur að aka þangað frá Gatwick.

Miðbær Brighton skiptist í þrjá hluta: North Lanes, sem eru nokkrar mjög skemmtilegar göngugötur, Old Lanes, sem eru mjög litlar göngugötur – eins og hálfert völunderhús – og svo Churchill Square og Western Road, en þar er verslunarmiðstöðin.

Hægt er að lesa nánar um ferðirnar á heimasíðu Úrvals Útsýnar [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is).



Brighton er stundum kölluð Litla London. Borgin þykir bjóða upp á allt það sama og London nema á lægra verði.



Zagreb er falleg borg með nokkuð hagstæðu verðlagi.



Dublin er Íslendingum að góðu kunn.



Ljubljana er lítil borg en afar vinaleg og falleg.

## BORGARFERÐIR

Spennandi helgarferðir í vor 2012



Höfuðborg Slóveníu

## LJUBLJANA

Gullfalleg, vinaleg og hlý!

18.-22. apríl 2012

Ljubljana sameinar töfra liðinna alda og nútímans. Í Ljubljana fáum við á tilfinninguna að við séum í litlu fjallaþorpi og samt erum við í kraftmikilli menningarborg þar sem bíður okkar fjöldi kaffihúsa, veitingastaða, verslana, leik- og óperuhús.

Verð frá:

**99.900 kr.**

á mann í tvíþýli í 4 nætur



LÁGMÚLA 4 108 RVK  
SÍMI 585 4000  
URVALUTSYN.IS



Mörg hótél víða um heim eru afar jólaleg yfir hátíðarnar, með stærðarinnar jólatrjá. Dæmi um það er Lake Placid-hótelið í New York.



Ekki er úr vegi ef einhver á eftir að kaupa jólagjafirnar að prófa að upplifa jólaværslun erlendis og kaupa þær eftir að heim er komið.

## Ferðalagið jólavætt

Flestir sem hafa ferðast um jól segja það einstaka lífsreynslu að dvelja annars staðar á hnettinum í afslöppuðu andrúmslofti yfir jólin. Meðan sumir kjósa að flatmaga á strönd og ekki leiða hugann að jólamat og -pökkum reyna aðrir að gera ferðalagið sem allra jólalegast. Til þess að svo verði er gott að huga að nokkrum atriðum.

**S**éu erlendir ferðamannavefir skoðaðir þar sem ferðalöngum er ráðlagt ýmislegt er tengist jólum er eitt af fyrstu atriðunum sem dúkka upp að ferðalangar séu ekki einir á ferð.

Ekki eru allir sammála þessari speki, þar sem margir kunna þá list vel að ferðast einir og njóta hennar í botn, en fyrir hina sem eru í fyrsta skipti á nýjum slóðum yfir ferðamannatímum er ágætt að hafa einhvern sér til halds og trausts. Sama hversu vel heppn að ferðalagið er veit enginn nema einmanaleiki hellist yfir mann á sjálfan hátíðisdaginn þegar brugðið er út af þeim vana að sitja heima í stofu með fjölskyldunni.


Þetta ráð á að sjálfsgöngu ekki við þá sem eru vanir að ferðast einir, þeir vita hvernig á að njóta þess í botn að borða dýrindis máltíð og drekka rauðvín einir síns liðs. Liggja uppi í stóru hótélrumi og horfa á jólamyndirnar, í slopp með stóran konfektakassa sér við hlið.

Ágætt er að ferðalangar velji sér ákveðinn áfanga-

stað fyrir þá máltíð sem þeir vilja hafa hátíðlega á ferðalaginu, hvort heldur sem það er á aðfangadag eða jóladag. Gott er að panta með fyrirvara, hvort heldur sem er á hótelinu sjálfu eða á einhverjum sérstökum veitingastað. Mörg hótél eru afar jólaleg yfir hátíðarnar, með stóru jólatré í hótelmóttökunni, arineld í setustofunni og indælishlaðborð fyrir gesti.

Hringið áður og spyrjið hvernig hátíðinni er hagað á þeim hótélum sem þið ætlið á ef slíkt skiptir ykkur máli.

Það er oft heljarinnar mál að ætla að koma út jólagjöfunum og pakka fyrir ferðalag. Ef þér list ekki á það stress, og ferð einmitt til útlanda til að forðast jóla-stressið, er mun betra að bíða með gjafirnar þangað til komið er heim. Af hverju ekki á þrettándanum? Þá er vissara að taka ekki gjafirnar sem maður þiggur sjálfur með sér út, að minnsta kosti ekki allar, og engar sem líta út fyrir að vera fyrirferðarmiklar.



Prag er dæmalaust falleg í desembermánuði. Ljósadýrð og kyrrðarstemning ríkir þar.

frá 69.900

# Kanarí um jólin

## 20. desember í 14 nætur

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum um jólin á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábær sértíllboð á Los Tilos og Roque Nublo, sem eru vel staðsett íbúðahótel á ensku ströndinni. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

**Verð kr. 69.900**  
Flugsæti á mann 20. desember og til baka 3. janúar.

**Frá kr. 99.900**  
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í íbúð á Los Tilos í 14 nætur. Verð m.v. tvo fullorðna í íbúð kr. 119.900 á mann. Aukalega 5.000 krónur á mann á Roque Nublo. Sértíllboð 20. des.

**Frá kr. 317.000 – með allt innifalið**  
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna, á hótél Gran Canaria Princess, með öllu inniföldu, í 14 nætur.

**Heimsferðir**

Birt með lýrnum um prentun. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

### VILHJÁLMUR PRINS EYKUR TÚRISMA



**Ferðamálafrömuðir** á Falklandseyjum búast við gífurlegri fjölgun ferðamanna í upphafi nýs árs eftir að fréttist að Vilhjálmur Bretaprins yrði þar í sex vikur. Vilhjálmur er í björgunarsveit breska flughersins, RAF, og verður ásamt þremur öðrum við æfingar á Falklandseyjum frá því í byrjun febrúar á næsta ári.

**Ferðamálaráð eyjanna** fullyrðir að heim-sóknum á heimasíðu þess hafi fjölgað um 200 prósent síðan fréttist af ferðum prinsins. Samkvæmt því sem fram kemur á vefsíðunni travelbite.co.uk á formaður ráðsins, Paul Trowell, að hafa sagt að hin konunglega frétt hefði verið auglýsing á heimsvísu og aukið áhuga ferðamanna á landinu margfalt. „Fólk flykkist inn á

vefsíðuna okkar til að komast að því hvað hér er hægt að gera sér til skemmtunar. Við erum mjög spennit,“ hefur vefsíðan eftir Trowell.

### TOY STORY LAND Í HONG KONG

**Disneyland** í Hong Kong hefur opnað Toy Story Land, hið eina í Asíu. Opnunin er liður í stækkun skemmtigarðsins og binda forsvarsmenn hans miklar vonir við aukna aðsókn með tilkomu hins nýja hluta garðsins. Eins og nafnið gefur til kynna er Toy Story Land helgað samnefndum kvikmyndapríleik og ganga persónur úr myndunum þar ljósum logum.

Bill Ernest, yfirmaður Disneylanda um alla Asíu, hélt ræðu við opnunina og sagði meðal annars að opnun Toy Story Lands styrkti enn stöðu Hong Kong í keppninni um að verða vinsælasti ferðamannastaður í Asíu.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benedik@365.is s. 512 5411.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.





# flugrútan

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkflugvöll.

## RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

**flybus**


Áætlun Flugrúttunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Kauptu miða á [www.flugrutan.is](http://www.flugrutan.is)

Alltaf laus sæti!

Gildir frá 30. október 2011 - 31. mars 2012

Mán.	Pri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
04:40	04:40	04:40	04:40	04:40	04:40	04:40
05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00
05:20	05:20	05:20	05:20	05:20	05:20	05:20
05:40	05:40	05:40	05:40	05:40	05:40	05:40
06:00	06:00	06:00	06:00	06:00	06:00	06:00
---	---	---	---	---	---	---
06:30	06:30	06:30	06:30	06:30	06:30	06:30
---	---	---	---	---	---	---
10:00	---	10:00	10:00	10:00	---	---
---	---	---	---	---	---	---
11:30	11:30	11:30	11:30	11:30	11:30	11:30
---	---	---	---	---	---	---
12:00	12:00	12:00	12:00	12:00	12:00	12:00
13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00
14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00
---	---	---	---	---	---	---
14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30
---	---	---	---	---	---	---
---	---	---	---	---	---	16.00



Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum



# flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík  
 ☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is



### GOTT AÐ VITA

**Hellur í** eyrum eru óþægilegur fylgifyskur flugferða. Hellur geta myndast í flugtaki og landingu, en þá breytist loftþrýstingurinn í farþegarými. Þrýstingurinn í eyranu er meiri en þrýstingurinn í vélinni og getur valdið sárum verk.

Kokhlust er grönnpípa sem tengir miðeyra við kokið en þegar loft kemst út um hana jafnast þrýstingurinn. Því má reyna að kyngja eða geispa og tyggja tyggjó. Þegar flogið er með smábörn er ráðlegt að gefa þeim brjóst eða pela eða stinga upp í þau snuði.



### GRIKKLAND GRÆÐIR

**Michael O'Leary**, forstjóri Ryanair, segir að Grikkland muni stórgræða á því að hætta að nota evruna og taka aftur upp gömlu góðu drökmuna. Samkvæmt ferðafréttum Yahoo.com sagði O'Leary nýlega að Grikkir gætu búist við sprengingu í ferðamennsku ef þeir tækju upp drökmuna á ný, þar sem landið yrði þá einn ódýrasti áfangastaður í Evrópu.



### BÓLUSETNINGAR FYRIR LANGFERÐIR

**Þegar ferðast** á til fjarlægra landa þarf að huga að bólusetningum gegn smitsjúkdómum. Einkum ef ferðast á til hitabeltislanda skal ráðfæra sig við lækni varðandi bólusetningar, en upplýsingar um bólusetningar og smitsjúkdóma er hægt að fá á Göngudeild sóttvarna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilsugæslustöðvum. Þeir þættir sem ráða hvort og með hvaða bóuefni ferðalangurinn verður bólusettur með eru saga um fyrri bólusetningar og til hvaða landsvæðis á að fara, hversu lengi á að dvelja og við hvaða aðstæður, og hversu algengir sjúkdómar eru sem bólusett er gegn á svæðinu.

Sjá nánar á [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## HÓTA MEÐ TRIPADVISOR

**Ferðamenn reyna** í síauknum mæli að kúga hótél og ferðaskrifstofur með því að hóta að skrifa illa um viðkomandi á ferðasíðuna TripAdvisor, að því er fram kemur á vefsíðu breska blaðsins The Telegraph. Sérfræðingar í ferðamálum hafa staðfest að slæm umsögn á hinni geysivinsælu vefsíðu geti kostað aðila í ferðapjónustu tugi þúsunda punda vegna minnkandi aðsóknar.

TripAdvisor er talin ein stærsta ferðavefsíða veraldar og þar er að finna yfir 50 milljón umsagnir um hótél og aðra ferðapjónustu, skrifaðar af ferðamönnum. Forsvarsmenn síðunnar bera af sér alla sök í málinu og segja hótanir ganga algjörlega í bága við stefnu síðunnar, enda séu þær ólöglegar. Engu að síður var sagt frá því á [www.telegraph.co.uk](http://www.telegraph.co.uk) í liðinni viku að meira en átta tíu hótél og gististaðir hefðu kært slíkar hótanir að undanförunu.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# Jólagjafabréf

Gefðu góða ferð í jólagjöf á hátíðarverði **16.900 kr.\***



→ Bókanlegt á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

Kauptu jólagjafabréf fyrir sem gildir á alla áfangastaði innanlands.  
Verð fyrir börn 2 - 11 ára er **8.500 kr.\***

\*Innfalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.